



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 13. apríl 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir liðum 3 – 6. Gestur á fundinum var Stefán Gunnar Thors frá VSÓ og sat hann fundinn undir liðum liðum 7 og 8.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 4. mars 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1903004 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 – 2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vindorkuvers í landi Garpsdals. Tillagan var auglýst 25. nóvember 2020 með athugasemdafresti til 20. janúar 2021.

Umsagnir bárust frá lögboðnum umsagnaraðilum og hagsmunaaðilum. Þess má geta að leitað var umsagnar hjá Náttfræðistofnun Íslands en stofnunin ákvað að senda ekki inn umsögn.

Umsagnir/athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum og stofnunum: Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Samgöngustofu, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Veðurstofu Íslands, Landgræðslunni, Landvernd, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Landsneti auk athugasemdar frá einum einstaklingi; Bjarna V. Guðmundssyni.

Í umsögn frá svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar dags. 23. mars 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna vindorkuvers í landi Garpsdals með þeim rökum að hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.

Þar sem ekki liggur fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun fyrir fyrirhugað iðnaðarsvæði í Garpsdal og óvíst er um framtíðarskipan mála varðandi stöðu vindorku með tilliti til slíkrar áætlunar verður fyrirhugað iðnaðarsvæði skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Reykhólahrepps í samræmi við F-lið greinar 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagsnefnd telur að uppdráttur og greinargerð hafi verið uppfærð til samræmis við athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila. Ítarleg svör sveitarfélagsins við athugasemdum eru að finna í viðauka I í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar undir liðnum viðbrögð sveitarstjórnar, sbr. fylgigagn, „Viðauki I.“

Með hliðsjón af framangreindu leggur skipulagsnefnd til að sveitarstjórn samþykki tillöguna ásamt svörum við athugasemdum og að breytingin verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar fyrir gildistöku með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. 2104001 - Tröllendi 7 229451, umsókn um byggingaleyfi.

Lögð er fram umsókn Flateyjarveitna vegna byggingar slökkvihúss að Tröllenda 7.

Skipulagsnefnd samþykkir byggingaleyfið en gerir kröfu um að björgunarop sé sett á suðuraustur hlið hússins. Samþykkt samhljóða.

4. 2104002 - Valshamar 2122713 sumarbústaður, umsókn um breytta notkun.

Lögð fram umsókn frá Guðbjörgu Björnsdóttur og Ágústi Reynissyni dags 8.mars 2021 um breytta notkun á sumarbústað að Valshamri.

Skipulagsnefnd samþykkir breytta notkun, úr sumarbústað í íbúðarhúsnæði. Samþykkt samhljóða.

5. 2104003 - Hofstaðir 139591, umsókn um stofnun lóðar Hofstaðarland 1.

Lögð fram umsókn frá Ríkiseignum 3. mars 2021, umsókn um stofnun lóðar úr landi Hofstaða.

Skipulagsnefnd samþykkir stofnun lóðarinnar og felur byggingafulltrúa að stofna hana. Samþykkt samhljóða.

6. 2104007 - Hellisbraut 6 2122728 – umsókn um byggingaleyfi, kvistur.

Lögð fram umsókn frá Viðari Auðunni Markússyni ódagsett, umsókn um byggingaleyfi.

Skipulagsnefnd frestar erindinu. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna útlitsbreytingu. Samþykkt samhljóða.

7. 2104005 - Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, náma við Álftadalsá.

Þrátt fyrir að mikil pressa sé á að komast í efnið og að náman er opin og virðist í notkun, er ekki talið ráðlegt að heimila efnistöku á 20.000 m³ nema með formlegu framkvæmdaleyfi, tilkynningu C framkvæmdar til sveitarstjórnar og að náman verði sett á aðalskipulag sveitarfélagsins.

Til að mæta brýnni efnispörf er lagt til að Vegagerðin nýti sér námu E8 í Gufudalnum, sem er á skipulagi, hefur farið í umhverfismat og er í samræmi við framkvæmdaleyfi. Meira rask hlýst af

því efnistökusvæði, en gera verður ráð fyrir því að fyrr eða síðar á framkvæmdatíma Vestfjarðavegar þurfi að opna námuna.

Ráðist verði í að koma námu í Álftradalsá á skipulag m.a. með því að fá eftirfarandi gögn frá Vegagerðinni: efnistökuáætlun, einfalda matsskyldufyrirspurn og formlega framkvæmdaleyfisumsókn um efnistöku. Byggt á þessum gögnum ættu að verða forsendur til að heimila efnistöku í svokallaðri Álftradalsá, þar sem ekki er talið að hún valdi breytingum á ásýnd eða valdi neikvæðum umhverfisáhrifum. Samþykkt samhljóða.

8. 2104008 - Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, breyting á legu Djúpadalsvegur.

Meta þarf hvort að breytt veglína geti fallið undir núverandi skipulag, framkvæmdaleyfi og innan þess ramma sem umhverfismatið fjallaði um.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ný veglína til bóta út frá vegtæknilegum þáttum, efnisþörf, ásýndarbreytingum og nálægð við foss í Hálsá. Hins vegar kann að verða meira rask á birki og farið er inn á svæði á náttúruminjaskrá.

Jafnframt verður að telja líklegt, miðað við ásýndarmyndir, að ný veglína falli betur að landi og verði þannig í samræmi við 69. gr. náttúruverndarlaga, þar sem fram kemur að við hönnun vega skuli þess gætt að hann falli sem best að svipmóti lands.

Lagt er til að kanna betur hvort að breyting á veglínu geti talist óveruleg og hvort þörf sé á að breyta aðalskipulagi. Auk þess að kanna hvort hún falli innan gildandi framkvæmdaleyfis og umhverfismats. Til að svara því er eftirfarandi lagt til:

- Vegagerðin leggi fram yfirlitsuppdrátt þar sem fram komi lega nýrrar veglínu, afmörkun fristundabyggðar, afmörkun birkis, afmörkun svæðis á náttúruminjaskrár, staðsetning fossins í Hálsá, núverandi vegur og núverandi tillaga að Djúpadalstengingu.*
- Vegagerðin leggi fram úttekt á náttúrufari í nýrri veglínu og beri saman við núverandi legu.*
- Þegar ofangreind gögn liggja fyrir mun Reykhólahreppur, í samræmi við 37. og 61. gr. náttúruverndarlaga, leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykjahólahrepps um færslu veglínunnar. Þar verði óskað eftir áliti aðila hvort ný veglína geti talist ákjósanlegri en núverandi út frá umhverfissjónarmiðum.*
- Vegagerðin leggi fram samþykki landeiganda á færslu veglínu. Byggt á ofangreindum gögnum getur sveitarfélagið tekið afstöðu til þess hvort það heimili viðkomandi breytingu á veglínu án breytinga á skipulagi, framkvæmdaleyfi og umhverfismati. Samþykkt samhljóða.*

9. 2103008 - Stöðuleyfi við Hellisbraut.

Lögð fram endurnýjuð staðsetning á söluhúsi, erindi frá Dísu Sverrisdóttur.

Nefndin samþykkir staðsetninguna með smávægilegum breytingum. Samþykkt samhljóða.

10. 2104004 - Móttaka á sorpi á hafnarsvæðum.

Lagt fram til kynningar.

11. 2102009 - 432. og 433. fundargerð hafnasambands Íslands, ársreikningur 2020 drög.

Lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

1. 2011007 - Hólar 139594, áform um skógrækt.

Á fundi skipulagsnefndar þann 4. febrúar sl. var lagt fram erindi frá eigendum jarðarinnar Hóla um áform um skógrækt en fyrirhugað skógræktarsvæði er alls 35 ha að stærð.

Skipulagsfulltrúa var falið að grenndarkynna framkvæmdina fyrir eigendum aðliggjandi jarða og bárust engar athugasemdir. Auk þess var óskað eftir umsögnum frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landsneti.

Skipulagsnefnd samþykkti á fundinum 4. febrúar sl. fyrirhugaðar framkvæmdir með fyrirvara um jákvæða umsögn frá téðum stofnunum.

Í umsögn Minjastofnunar segir að engin minjaskráning hafi farið fram á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og áréttar stofnunin að fullnægjandi fornleifaskráning þurfi að fara fram áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Vegagerðin bendir á í umsögn stofnunarinnar að skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handa frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að skógræktarsvæði verði utan við veghelgunarsvæði til að lágmarka mögulegan skafrenning á veg. Vestfjarðarvegur (60-23) er skilgreindur sem stofnvegur og veghelgunarsvæðið er 30 m frá miðlínu.

Í umsögn Landsnets er vakin athygli á því að Mjólkárhlína liggur nokkuð samsíða þjóðveginum í Króksfirði. Meðfram línunni er helgunarsvæði og tryggja þarf að það sé virkt.

Umhverfisstofnun gerði engar athugasemdir.

Umrædd skógræktaráform eru leyfisskyld og áréttar skipulagsnefnd fyrri afgreiðslu um að samþykkja umsókn um framkvæmdaleyfi þar sem fyrir liggur grenndarkynning án athugasemda, með fyrirvara um að skilyrðum í umsögnum Vegagerðarinnar og Landsnets verði uppfyllt og að gætt verði að þekktum fornminjum verði ekki raskað og ekki farið nær þeim en 20m. Samþykkt samhljóða.

2. AB-Fasteignir, umsókn um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Múlaá.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni vatnsaflsvirkjun í Múlaá. Áætlað er að virkjað rennsli verði um 1,23 m³/s sem er meðalrennsli árinna. Staðsetning inntaks verður norður af Garpsdalsvatni og frá inntaki verður lögð um 2,4 km löng þrýstipípa að stöðvarhúsi neðan gamla þjóðvegarins. Fallhæð verður um 84 metrar og uppsett afl virkjunarinnar verður 950 kW.

Skipulagsnefnd hefur kynnt sér umsókn AB-Fasteigna um framkvæmdaleyfi og álit Skipulagsstofnunar um matskyldu. Fullnægjandi fylgigögn framkvæmdarinnar og byggingaleyfis liggja hins vegar ekki fyrir.

Í álitinu frá Skipulagsstofnun dags. 17.09.2020, segir að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé fyrirhuguð framkvæmd ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 og gildandi deiliskipulag svæðisins.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn AB-Fasteigna um framkvæmdaleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Múlaá verði samþykkt og að jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út leyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, að uppfylltum skilyrðum um að öll tilskilin og fullnægjandi gögn liggja fyrir til grundvallar útgáfu þess. Sömu skilmálar gildi fyrir útgáfu byggingaleyfis. Samþykkt samhljóða.

3. 2104016 - Skáldsstaðir 139671, umsókn um leyfi til niðurrifs á fjárhúsum og hlöðu.

Lagt fram erindi frá Helga Jenssyni dagsett 12. apríl 2021 varðand niðurrif á fjárhúsum og hlöðu að Skáldsstöðum matshl. 6 og 11.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____